



Fréttatilkynning
frá skrifstofu forseta Íslands

FORSETI FER Á PARALYMPICS LEIKANA Í PARÍS

Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, heldur til Parísar á morgun, þriðjudaginn 27. ágúst, og sækir þar Paralympics leikana í boði Íþróttasambands fatlaðra ásamt eiginmanni sínum, Birni Skúlasyni.

Síðdegis á miðvikudegi býður Emmanuel Macron Frakklandsforseti forsetahjónum ásamt öðrum gestum til móttöku í Elysée höllinni. Um kvöldið verður svo opunarhátíð leikanna á Concorde-torgi og sækja hana mörg þúsund íþróttamenn frá meira en 180 löndum auk margra þjóðhöfðingja og annarra ráðamanna.

Á fimmtudaginn fylgjast forsetahjónin með leikunum og á föstudaginn heimsækja þau Ólympíuþorpið og hitta að máli íslenska keppendur og þjálfara auk forystumanna íþróttahreyfingar fatlaðra.

26. ágúst 2024

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249).